

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 15. nóvember 2022

Matvælaráðuneytið
Skrifstofa matvæla

Efni: Umsögn til matvælaráðuneytisins um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna gjaldskrár Matvælastofnunar (gjaldskrárheimildir), mál nr. 206/2022.

Í fyrsta lagi verður að gera athugasemd við það hvernig staðið er að kynningu frumvarpsdraga þessara. Þar ber fyrst að nefna að upplýsingar í samráðsgátt benda til þess að um sé að ræða lagatæknileg atriði þegar í raun er verið að leggja til breytingar sem hafa í för með sér tvöföldun gjalda sem innheimta á samkvæmt gjaldskrá.

Í öðru lagi verður að gera athugasemdir við kaflann *Mat á áhrifum* í greinargerð með frumvarpsdrögum en þar er eingöngu vísað til greiningar sem gerð hafi verið en í engu sett fram hver áhrifin til kostnaðarauka eru niður á lagabálka eða einstakar atvinnugreinar. Eingöngu kemur þar fram að með samræmingu gjaldskrárheimilda muni tekjur stofnunarinnar aukast um 300-400 millj. á ári.

Í þriðja lagi verður að gera athugasemd við þá fullyrðingu í greinargerð að Matvælastofnun hafi verið rekin með halla. Í ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2021 má sjá að stofnunin var þvert á móti rekin með hagnaði upp á rúmar 22 millj. Þar kemur einnig fram að *Aðrar rekstrartekjur* stofnunarinnar, sem munu vera innheimt gjöld á grundvelli gjaldskrárheimilda, hækka um 83 milljónir frá árinu áður.

Í fjórða lagi er tiltekið í greinargerð að útgjöld stofnunarinnar vegna eftirlits geti aukist um 100-200 millj. en ekki skýrt nánar í hverju sá útgjaldaauki er fölginn.

Ljóst má vera að þeir lagabálkar sem fyrirhugaðar breytingar ná til hafa beina tengingu við landbúnað. Íslenskur landbúnaður hefur staðið frammi fyrir fordæmalausum hækkunum aðfanga sem hafa haft verulega neikvæð áhrif á afkomu í greininni og greinin því ekki aflögufær um slíkar fjárhæðir sem hér eru til umræðu.

Að framansögðu eru Bændasamtök Íslands mótfallin frumvarpsdrögum þessum.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur